

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 464/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Kristjáni Hólmgæirssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Brot gegn valdstjórninni. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. október 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

I.

Með ákæruskjali 4. maí 1993 var ákærða gefið að sök brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976. Ákærði var sakfelldur í héraði fyrir brot gegn 108. gr. sömu laga, en héraðsdómari taldi fullnægt skilyrðum til þess samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Bókun í þingbók héraðsdóms ber ekki með sér, að sækjandi og verjandi hafi tjáð sig um sakaratriði að þessu leyti. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti staðfesti verjandi ákærða, að svo hefði ekki verið. Hann andmælti því hér fyrir dómi, að ákærði yrði sakfelldur eftir 108. gr. hegningarlaga, og taldi hana taka til annars atferlis en fram kæmi í verknáðarlýsingu ákæru. Hann byggði vörn sína á því, að ákærði hefði ekki gerst sekur um verknað, sem 106. gr. tekur til, og því bæri að sýkna hann. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að í vörn ákærða í héraði hafi verið fjallað um 108. gr. hegningarlaganna. Brestur því lagaskilyrði til þess, að sú lagagrein komi til álita.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, kom Björn Halblaub, eftirlitsmaður fjármálaráðuneytisins með ökumælum, í húsnæði Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar 11. febrúar 1993 þeirra erinda að ræða við ákærða um lagfæringu á skráningu bifreiðar hans, sem notuð var til leiguaksturs án þess að vera skráð sem slík. Eftirlitsmaðurinn gerði erindi sitt heyrinkunnugt að viðstöddum nokkrum hópi atvinnubifreiðastjóra, og brást ákærði ókvæða við. Hann viðurkendi fyrir dómi að hafa tekið um öxl eftirlitsmannsins, leitt hann að dyrunum og ýtt við honum með fæti, en ekki sparkað í hann. Tvö vitni báru, að ákærði hefði tekið í öxl Björns og ýtt honum út, en aðeins annað vitnið kvað ákærða hafa beitt fæti sínum til þess. Fyrir héraðsdómi réttlætti ákærði gjörðir sínar með því, að sér hefði verið ókunnugt um vanhöld á skráningu bifreiðarinnar til leiguaksturs og eftirlitsmanninum hefði borið að ræða við sig í einrúmi.

III.

Sannað þykir, að umrætt sinn hafi ákærði með líkamlegri valdbeitingu hindrað opinberan starfsmann við framkvæmd starfa síns og með því gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er ósannað, að hann hafi sparkað á eftir og í Björn Halblaub, eins og lýst er í ákæruskjali. Aðferð eftirlitsmannsins réttlætir ekki framferði ákærða.

Með hliðsjón af framansögðu og kröfugerð ákæruvalds fyrir Hæstarétti verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða og sakarkostnað staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Hólmgeirsson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu þessa dóms.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknar-

laun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur héraðsdóms Reykjaness 7. september 1993.

I.

Árið 1993, þriðjudaginn 7. september, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Pétursyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 109/1993: Ákærvaldið gegn Kristjáni Hólmgæirssyni, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 6. september 1993.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 4. maí 1993 og birtri 11. maí 1993 á hendur Kristjáni Hólmgæirssyni, Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, kt. 210647-2449, „fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa fimmtudaginn 11. febrúar 1993 á leigubílastöð B.S.H. við Fjarðargötu í Hafnarfirði hrundið Birni Halblaub, starfsmanni fjármálaráðuneytis og eftirlitsmanni með ökumælum og þungaskatti, sem þar var að störfum og hafði afskipti af ákærða, út úr dyrunum og um leið sparkað á eftir Birni og lenti sparkið á rófubeini hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með bréfi, dags. 4. maí 1993, fól ríkissaksóknari sýslumanni í Hafnarfirði sókn málsins.

Er málið var þingfest hinn 18. maí 1993 var Valgeir Kristinsson hrl. skipaður verjandi ákærða að ósk hans.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda úr ríkissjóði.

II.

Hinn 11. febrúar 1993 kl. 11.45 kom Björn Halblaub, starfsmaður fjármálaráðuneytis, eftirlitsmaður með ökumælum og þungaskatti, kt. 090644-3009, fyrir rannsóknardeild lögreglunnar í Hafnarfirði og óskaði, að bókuð yrði skýrsla sín, kæra, vegna atburðar er átt hafði sér stað í húsnæði Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar við Fjarðargötu hér í bæ þá um morguninn, en við sögu kæmi eigandi bifreiðarinnar IG-319, sem í bifreiðaskrá sé skráð til almennrar notkunar þótt hún sé notuð sem leigubifreið, en af leigubifreiðum beri að greiða 30% hærri þungaskatt. Bókað var eftir kæranda: „Hann hafi í morgun um kl. 10.50 farið á bílastöðina gagngert til þess að ræða við þennan umrædda mann, þar sem hann var búinn að komast að því að bif-

reið mannsins var skráð til almennrar notkunar, þrátt fyrir það að bifreiðin væri notuð sem leigubifreið.

Mætti kveðst halda að maður þessi heiti Kristján Hólmgeirsson. Hann hafi hitt manninn inni á bílastöðinni og sagt honum í hvaða tilgangi hann var þarna og beðið hann um að fara til Bifreiðaskoðunar Íslands og láta breyta skráningu bifreiðarinnar í samræmi við það sem hún væri notuð til.

Maðurinn hafi brugðist illur við og sagt að mætta kæmi þetta ekkert við, en mætti hafi þá bent manningum á það að samkvæmt skráningunni greiddi hann ekki réttan þungaskatt eða 30% lægra gjald en honum bæri.

Hann hafi þá beðið sig um að koma út úr húsinu og mætti haldið að hann ætlaði að ræða við hann málið þar og því gengið að dyrunum. Þá hafi það gerst að maðurinn hratt mætta út um dyrnar og sparkaði hann á eftir honum og lenti sparkið á rófubeini hans.

Mætti kveðst þá hafa farið af vettvangi og ákveðið að kæra manninn.

Aðspurður kveðst mætti ekki búast við því að hann hafi meiðst neitt við þetta, en þó hafi hann fengið skrámu á hendi og svo sé hann aumur í rófubeininu eftir þetta.

Mætti kveðst því kæra mann þennan og krefst þess að honum verði refsað að lögum fyrir þessa ruddalegu og tillitslausu árás á sig, þar sem hann var að gegna sínu starfi.“

Hinn 15. sama mánaðar gaf ákærði, Kristján Hólmgeirsson, skýrslu hjá sömu lögreglu:

„Mætti kannast við nefnt atvik. Hann hafi umræddan morgun verið á vinnustað sínum ásamt mörgum vinnufélögum, þegar þessi Björn kom þar inn. Hann hafi strax gasprað erindi sínu við mætta yfir alla sem þarna voru inni og kveðst mætti hafa reiðst þessu og beðið manninn um að koma sér út af stöðinni. Hann kveðst ekki hafa vitað annað en bifreið sín væri rétt skráð, enda farið með bifreiðina í skoðun síðast áður en þetta gerðist og þá hafi bifreiðin verið skoðuð sem leigubíll, bæði verið á henni „Taxi“-merki og gjaldmælir. Hann segir að það hafi aldrei hvarflað að sér að bifreiðin væri rangt skráð. Hann hafi, eins og áður sagði, beðið manninn um að koma sér út af vinnustað sínum og lagt áherslu á þá beiðni sína með því að leiða manninn að dyrunum. Hann segir að hann hafi rétt ýtt fætinum á eftir manningum, en neitar því alfarið (sic) að hafa sparkað í hann, það sé rangt hjá honum, sér hafi aldrei dottið það í hug að sparka í manninn, aðeins ýtt við honum líttillega.

Hann segir að það sé útilokað að Björn hafi meiðst við þetta. Hann hafi svo farið af staðnum og segir mætti að það komi sér á óvart að hann hafi kært sig vegna þessa.

Hann segir að framkoma mannsins hafi að sínu áliti verið fyrir neðan allar hellur, þ.e. að romsa þessu út úr sér í áheyrn allra sem þarna voru til staðar. Hafi hann sem embættismaður átt eitthvað vantalað við sig, finnist sér að hann hefði átt að ræða það einslega við sig.

Mætti kveðst í framhaldi af þessu hafa haft samband við sýslumann eða fulltrúa hans og þá komið í ljós að bíll mætta var rangt skráður og hafi það verið leiðrétt strax. Hann segir að þegar þetta var hafi hann ekki verið búinn að borga þungaskattinn, en þetta hefði leiðrést þegar að því kæmi.“

Fyrir dómi var framburður kæranda og ákærða á sama veg og í þessum skýrslum þeirra. Ákærði staðfesti að sér hefði verið ljóst að komumaður var opinber starfsmaður að sinna skyldustörfum. Ákærði benti á að kærandi hefði ekki fallið og ekki lagt fram áverkavottorð og dró í efa að hann hefði hlotið nokkra áverka.

Einnig komu fyrir dóm vitnin Jóel Heiðar Georgsson, kt. 050337-7319, og Jón Gíslason, f. 1.6.1942, starfsbræður ákærða. Þeir voru báðir viðstaddir umræddan atburð. Lýstu þeir atvikum nánast í samræmi við framangreindan framburð ákærða.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur ákærði ekki hlotið refsingu fyrir brot er ítrekunaráhrif hafa eða refsipýngjandi í máli þessu.

III.

Eftir því sem fram er komið í málinu hafði kærandi lokið erindi sínu við ákærða þegar ákærði vísaði honum á dyr með framangreindum tilburðum.

Varhugavert þykir að líta svo á, að ákærði hafi ráðist á hinn opinbera starfsmann með ofbeldi eða hótun um ofbeldi í skilningi 1. mgr. 106. gr. hgl. eða gert honum á annan hátt tálmanir í skilningi 2. mgr. sömu lagagreinar.

Sú háttsemi ákærða að hafa uppi ótvíræða tilburði til þess að láta líta svo út, sem hann varpaði og sparkaði kæranda á dyr, var mjög gróf móðgun við kæranda í skilningi 108. gr. alm. hgl. Þar sem skilyrðum 1. mgr. 117. gr. oml. er fullnægt að því er ákæru varðar, er ekkert því til fyrirstöðu að beita hér því lagaákvæði, 108. gr.

Ákærði og verjandi hans hafa gagnrýnt þá framkomu kæranda að bera upp erindi sitt við ákærða í áheyrn annarra.

Þótt ekki sé fram komið að kærandi hafi viðhaft óeðlileg eða óviðeigandi ummæli eða látbragð er hann bar upp erindi sitt má fallast á það með ákærða, að nokkuð hafi skort á að kærandi gætti þeirrar háttvísi sem starfi hans sæmdi, betur hefði farið á að hann ræddi við ákærða í einrúmi. Þótt því fari fjarri að þessi anmarki á starfsframkvæmd kæranda réttlæti hin hörðu og mjög svo móðgandi viðbrögð ákærða, þá þykir mega taka nokkurt tillit til þessa atriðis til refsilækkunar.

Samkvæmt framansögðu liggur það fyrir í máli þessu, að ákærði framdi verknæð þann sem lýst er í ákæru. Brot ákærða þykir varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 20.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Valgeirs Kristinssonar hrl., krónur 30.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Hólmgeirsson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 20.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Valgeirs Kristinssonar hrl., krónur 30.000.
